

Fundur í sveitarstjórn

105. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar 2014 var haldinn fimmtudaginn 22. maí 2014 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Indriði Þóroddsson, Gunnólfur Lárusson, Steinunn Leósdóttir Reimar Sigurjónsson og Ólafur Steinarsson sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð, Reimar gerði athugasemd við að hafa ekki fengið fundargögn fyrir fundinn, Ólafur svaraði því til að fundargögn bara verið tilbúin í dag enda að hluta til um fundi að ræða sem haldnir voru fyrir í dag.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar nr. 104/2014

Lögð fram til kynningar

Reimar gerði athugasemd við lið nr. 4 í fundargerðinni þar sem tiltekið er: „á fjárfestingaráætlun ársins eru 25 milljónir króna búið er að ráðstafa stórum hluta þeirra fjármuna. Lagt er til að þessi setning falli út úr fundargerð og það samþykkt samhljóða einnig var bent á að lagfæra þyrfti síðustu setningu undir þessum lið í: „Fundurinn lagði til að þessi fjármunir færu af framkvæmdarfé sveitarfélagsins fyrir 2014“.

Þá gerir Reimar gerir athugasemd við að Landbúnaðarnefnd svari innsendum erindum og telur að tveimur innsendum erindum til nefndarinnar sé ósvarað frá nefndinni.

2. Fundargerð frá umhverfis- og skipulagsnefnd dags. 22. maí 2014

Liður nr. 1 Lóðarumsókn á Bakkavegi 18, iðnaðarhúsnæði, þeir sem samþykkja lóðarúthlutun sbr lið 1 í 48. fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar frá því 22 maí 2014, samþykkt samhljóða.

Liður nr 5 í sömu fundargerð stöðuleyfi á húsi að Stórholti 3 borið undir fundinn samþykkt samhljóða.

Liður nr 10 deiliskipulag fyrir skóla- og íþróttamiðstöð á Þórshöfn. Tillaga borin undir fundinn: Þeir sem samþykkja að auglýsa megi deiliskipulag fyrir skóla og íþróttamiðstöð á Þórshöfn, samþykkt samhljóða.

3. Staðfesting á kjörskrá

Fyrir fundinn er lögð kjörskrá sveitarfélagsins, farið var yfir þær en sveitarfélaginu er núna skipt í tvær kjördeildir. Þeir sveitarstjórnarmenn sem staðfesta kjörskrá sem liggur frammi á fundinum. staðfest samhljóða.

4. Kosning til kjörnefndar á Bakkafirði, Kosnir eru til kjörnefndar: María Guðmundsdóttir, Rósa Magnúsdóttir, Aníta Dröfn Reimarsdóttir til vara eru kosnir Halldór Njálsson, Elías Helgason, Járnbrá Ólafsdóttir.

5. Tilnefning Kjörfundarstaða

Sveitarstjórn leggur til að kjörstaðir verði grunnskólarnir á Bakkafirði og Þórshöfn. Samþykkt samhljóða.

6. Aflamark sértækur byggðarkvóti á Bakkafirði

Fyrir fundinn eru lögð fram drög af samningi sem Toppfiskur hefur unnið að með Halldóri Fiskverkun og Marinó Jónssyni vegna sértæks byggðarkvóta. Lagt fram til kynningar umræða fór fram um málefnið.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl. 18:20